

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent á netfangið: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 3. október 2023

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um tillögu til þingsályktunar um staðgreiðslu við innborgun í lífeyrissjóð, 98. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 22. september sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) send til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar, 98. mál.

Af mannfjöldaspá Hagstofu Íslands 2020-2069 má sjá að hlutfall aldraðra mun aukast á komandi áratugum en á sama tíma hægir á fjölgun íbúa á vinnumarkaðsaldri. Hlutfall aldraðra mun þannig aukast verulega umfram fjölda fólks á vinnumarkaði. Með fjölgun aldraðra sem jafnframt lifa lengur en áður munu útgjöld til framfærslu, heilbrigðismála og langtímovistunar óhjákvæmilega aukast. Því liggur fyrir að verði iðgjald til lífeyrissjóða skattlagt við innborgun verða tekjur ríkisins hlutfallslega hærri nú en í framtíðinni þegar hlutfallslega færri verða á vinnualdri. Því má ætla að enn meiri þörf verði fyrir nýtingu skattstofnsins í framtíð en nú er.

Á Íslandi er ríkjandi svokallað EET-kerfi þar sem iðgjöld eru óskattlögg, fjármagnstekjur óskattlagðar en fullur tekjuskattur greiddur við útborgun lífeyris. Fyrir sjóðfélaga skiptir ekki sköpum hvort iðgjöldin eru skattlögg við inngreiðslu svo fremi sem tryggt verður að lífeyrisgreiðslur verði óskattlagðar. Hins vegar er afar flókið í framkvæmd að breyta skattlagningu eins og hér er lagt til þar sem það myndi kalla á aðgreiningu réttinda eftir því hvort þau eru þegar skattlögg eða ekki. Framkvæmdin yrði afar vandmeðfarin en tryggja yrði að ekki kæmi til þess að sparnaðurinn yrði hvort heldur sem er óskattlagður eða tvískattlagður. Slíkar breytingar yrðu því kostnaðarsamar vegna verulega aukins flækjustigs við utanuhald réttinda og við greiðslu lífeyris.

Umrædd þingsályktunartillaga felur í sér umtalsverðar breytingar á skattlagningu lífeyrisréttinda og því rétt að vekja athygli á því að fjármála- og efnahagsráðherra skipaði þann 22. mars sl. starfshóp sem falið er að skila drögum að fullbúinni grænbók um lífeyriskerfið fyrir 1. desember n.k. Þess má vænta að í þeirri vinnu fari fram umræða um skattlagningu lífeyris.

Með vísan í ofangreint lýsa LL sig mótfallin tillögunni en áréttu að vert sé að taka umræðu um skattlagningu lífeyris í tengslum við vinnu grænbókar um lífeyriskerfið.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri